

# Þinggerð Tennissambands Íslands

22. apríl 2008

## 1. Setning

Skjöldur Vatnar Björnsson formaður stjórnar TSÍ setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna. Ekki síst Líneyju Rut Halldórsdóttur framkvæmdastjóra Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands. Skjöldur minntist góðs vinar og samstarfsmanns um árabíl, Jóns Gunnars Grjetarssonar sem lést nýverið eftir erfið veikindi. Líney Rut tók til orða og flutti góðar kveðjur frá forseta Íþróttá- og Ólympíusambandsins. Hún lagði mikla áherslu á góð samskipti á milli stjórnar og sérsambandanna. Hún ræddi einnig mannvirkjamál en lengi hefur það þrengt að íþróttinni hvað fáir tennisvellir eru innandyrá hér á landi. Fagnaði hún því að þau mál væru nú loksins í góðum farvegi. Að lokum óskaði hún tennisíþróttinni velfarnaðar á Íslandi í framtíðinni. Að þessu loknu stakk Skjöldur upp á Gunnari Þór Finnbjörnssyni sem ritara þingsins og valdi fundarstjóra Hafstein Pálsson sem þó seinkaði og var ekki mættur á þingið. Tillögurnar voru samþykktar.

## 2. Skýrsla stjórnar

Skjöldur fór yfir skýrslu stjórnar. Ræddi hvernig verkaskipting stjórnar var á árinu og að lögð hafi verið áhersla á að varafulltrúar mættu á alla fundi. Hafði það gengið vel á árinu. Þá ræddi hann mikilvægi þess að ráða starfsmann hjá sambandinu, þó ekki væri um að ræða meira en hlutastarf til að byrja með. Hann ræddi einnig opnun tennishallarinnar 20. maí sem skipt hefur sköpum fyrir íþróttina hér á landi. Húsið er þegar fullnýtt og færri komast að en vilja á bestu tímum. Þá ræddi hann fjármál sambandsins sem er í bærilegu lagi en hvetja þarf fleiri aðila innan hreyfingarinnar til að leggja íþróttinni lið. Allt of fáir sjálfboðaliðar hafa gefið kost á sér undanfarin ár. Þá ræddi hann fræðslu- og markaðsmál en þeir Jónas Páll Björnsson og Raj Bonifacius hafa leitt þau mál undanfarin ár af miklum skörungsskap. Klúbbastarfið hefur batnað hjá okkur en varðandi mótahald þá er ýmsu ábótavant. Kom það glögg fram á síðasta Íslandsmóti innanhúss að gera þarf átak í þeim efnun. Skjöldur taldi áhyggjuefni hve fáiliðað er í íþróttinni á aldrinum 14-18 ára og verkefni fá fyrir þennan aldursflokk. Að lokum minntist Skjöldur aftur á að sá glaðlegi og kraftmikli maður Jón Gunnar Grjetarsson er ekki lengur meðal okkar, en hann lest 8. desember. Stjórnin mun lengi minnast lífsgleði hans og bjartsýni. Einnig minntist Skjöldur láts Einars Ólafssonar, stjórnarmanns TSÍ til margra ára. Hann drap þá aftur á þá breytingu að fá framkvæmdastjóra til starfa hjá TSÍ. Það mál hefur verið til skoðunar í nokkurn tíma og niðustaðna að vænta. Það ætti að vera tennishreyfingunni til mikillar framdráttar og styrkja allt starf innan hennar.

### 3. Endurskoðaðir reikningar

Raj Bonifacius fór yfir ársreikning ársins 2007. Styrkir hafa hækkað á milli ára. Raj útskýrði helstu liði ársreikningsins. Hagnaður ársins var liðlega 50.000 kr.- Rekstur sambandsins hefur verið mjög stöðugur á milli ára og tiltölulega lítið um sveiflur. Raj nefndi að kostnaður við þátttöku okkar í Evrópusamstarfi er mjög hár og því mótmælti hann á Evrópuþingi í Kaupmannahöfn nýverið. Ekki voru gerðar athugasemdir við orð Raj á þessari stundu.

### 4. Fjárhagsáætlun 2008

Raj fór þá yfir fjárhagsáætlun 2008 og útskýri helstu liði. Ræddi þá mikilvægi þess að fylgja íhaldsemi í fjármálum og fara ekki lengra en góðu hófi gegnir umfram getu okkar í fjármálum. Þrátt fyrir að menn vilji ekki draga úr verkefnum TSÍ telur Raj heppilegt að auka hagnaðinn og hafa fé til ráðstafanna ef eitthvað óvænt kemur til.

Þá mætti Hafsteinn Pálsson og tók við stjórn þingsins án athugasemda þingfulltrúa. Nefndi að bréf hafi verið sent út til aðildarféлага 11. mars. Þannig áttu allir að vita af þinginu. Kjörbréfanefnd var valin: Eiríkur Magnússn, Óskar Knudsen og Raket Pétursdóttir. Hinar 3 nefndirnar voru ekki skipaðar. Hlutirnir teknir í einni málsstofu. Orðið var þá laust um skýrslu stjórnar og reikninga. Engin kvaddi sér hljóðs og skýrslan var samþykkt samhljóða og henni gefinn góður rómur af Stefáni Vilhelmssyni þingfulltrúa. Tvenn kjörbréf voru lesin upp og samþykkt og að því voru reikningar TSÍ samþykktir samhljóða.

### 5. Lagabreytingar

Engar tillögur voru bornar fram á þinginu um lagabreytingar.

### 6. Kosning í stjórn og nefndir

Skjöldur kvaddi sér hljóðs og sagði heppilegt að stofna fleiri nefndir innan tennishreyfingarinnar. Ákveðið var stofnun nokkurra nefnda og forsvarsmenn fyrir þær ásamt öðrum nefndum:

<b>Mótanefnd:</b>	Ingólfur Hjörleifsson
<b>Landsliðsnefnd:</b>	Carola Frank Aðalsteinsson
<b>Dómaranefnd:</b>	Jósep Sveinsson
<b>Fjáröflunarnefnd:</b>	Jónas Páll Björnsson

**Markaðs og útbreiðslunefnd:**

Ekki ákveðið

**Þjálfaranefnd:**

Carola Frank Aðalsteinsson

Kosið var í stjórn TSÍ. Skjöldur Vatnar var einróma kosinn áfram til starfa sem formaður næstu 2 árin. Þá var kosið um 2 meðlimi til næstu tveggja ára. Ingólfur, Carola og Gunnar buðu sig fram til þessarra tveggja sæta. Svo fór að Ingólfur og Carola náðu kjöri. Þá voru Rakel, Gunnar og Jónas kosin í varastjórn.

Skoðunarmenn voru valdir Indriði Þorláksson og Brynjólfur Erlingsson líkt og undanfarin ár.

Ákveðið var að næsta stjórn muni ákveða fulltrúa á næsta íþróttáþing. Þá var ákveðið að ritari muni ganga frá þinggerð.

## 7. Önnur mál

Vísað var til stjórnar um að velja formann fyrir markaðs- og útbreiðslunefndar. Fleiri fulltrúar nefnda voru ekki valdir á þinginu en ákveðið að stjórn TSÍ myndi fjalla um málið í framhaldinu. Hafsteinn Dan Kristjánsson vildi áréttta að skilgreina nákvæmlega hlutverk þessarra. Einnig mikilvægi góðs samstarfs stjórnar og nefndanna. Raj taldi heppilegt að samstarf nefnda og væntanlegs framkvæmdastjóra TSÍ þurfi að vera afar náíð og gott. Umræða fór þá fram um starf væntanlegs framkvæmdastjóra TSÍ og að hann sé einnig landsliðsþjálfari og stjórnarmaður TSÍ. Skjöldur tók til máls og sagði það hlutverk stjórnar að fjalla um þau mál og taka ákvarðanir. Stjórnin muni skildreina þessi mál til framtíðar. Ingólfur kvaddi sér hljóðs og taldi fráleitt að sami maðurinn gæti verið gjaldkeri TSÍ og framkvæmdastjóri. Einnig nefndi hann að eðlilegt væri að tekjur af Íslandsmótum ættu að renna í gegnum TSÍ en ekki framkvæmdastjóra. Raj sagði að eðlilegt væri að um þessi mál verði settar skýrar reglur þannig að ekki komi til hagsmunaárekstra í framtíðinni. Benti þó á að tennishreyfingin sé lítil og sömu aðilarnir eru að vinna mörg störf. Því tengist störfin gjarnan innbyrðis. Þetta sé því allt vand með farið en ekki megi draga úr áhuga manna á að starfa að hreyfingunni með of ströngum reglum.

Jónas ræddi væntanlegar nefndir og vill skoða þann möguleika að þær vinni eitthvað af þeim störfum sem Raj vinnur núna. Þannig myndist meiri slagkraftur í tennismálin hér á landi. Þá ræddi Jónas fjárhagsáætlunina fyrir árið 2008 en þar vill hann bæta við tekjum af Íslandsmóti utanhúss t.d. 250.000 kr.- Raj var ekki viss og benti á að mjög mikil vinna fari fram til þess að undirbúa og stjórna Íslandsmóti sem sé síðan ekki greitt mikið fyrir. Jónas ræddi þann möguleika að mótanefnd komi mun meira að undirbúningi en nú er sem dragi þá úr vinnu framkvæmdastjóra. Tillaga um nýjan lið 250.000 kr.- í fjárhagsáætlun var samþykkt af þingfundarmönnum. En þá hljóti líka að koma kostnaður á móti tekjunum.

Rakel nefndi að eðlilegt sé að skoða skiptingu kostnaðar á milli verkefna, sérstaklega hvað útbreiðslustarfið varðar í ársskýrslunni. Nefndi sérstaklega 1.700 þús. krónur sem hún vill skilgreina frekar. Bókað var að það verði verkefni nýrrar stjórnar.

Luigi vildi koma því á framfæri að Tennisfélag Álftanes vanti tennisþjálfara. Vildi bara láta vita af því. Carola ræddi það að hjálpa þurfi ungu fólki að sækja um í háskólum erlendis. Hún vill að TSÍ komi að

Því máli. Ingólfur nefndi að þetta væri kjörið verkefni fyrir markaðs- og útbreiðslunefnd. Jafnvel mætti koma leiðbeiningum inn á heimasíðu TSÍ. Þá sagði Rakel að löngu væri kominn tími til að búa til almennilega heimasíðu TSÍ. Raj svaraði því til að slík síða væri í vinnslu en fagnaði öllum hugmyndum og tillögum til að hún geti verið sem allra best. Rakel lagði þá áherslu á mikilvægi þess að öflug ritstjórn sjái um síðuna til að halda henna lifandi, skemmtilegri og fræðandi.

## **8. Þingi slitið**

Skjöldur Vatnar tók þá til máls og þakkaði fyrir stuðning þingfulltrúa. Hann sagðist afar ánægður með að fá nýjar nefndir til starfa og sagðist bjartsýnn á framtíð tennisíþróttarinnar á Íslandi. Erfiðum tíma í sögu íþróttarinnar ætti nú að vera lokið. Að því loknu var þinginu slitið.

Reykjavík 22. apríl 2008